



ORKUSTOFNUN  
Vatnsorkudeild

**Sigurður Lárus Hólm**

# **JÖKULSÁ Í FLJÓTSDAL**

**Rennsli áætlað með reiknilíkaninu NAM2**

**OS82031/VOD04**

Reykjavík, mars 1982

**Unnið fyrir**

**Rafmagnsveitur ríkisins**



**ORKUSTOFNUN**  
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

**Sigurður Lárus Hólm**

# **JÖKULSÁ Í FLJÓTSDAL**

**Rennsli áætlað með reiknilíkaninu NAM2**

**OS82031/VOD04**  
Reykjavík, mars 1982

**Unnið fyrir**  
**Rafmagnsveitur ríkisins**

## ÁGRIP

Skýrsla þessi fjallar um gerð rennslislíkans fyrir Jökulsá í Fljótsdal. Notað er NAM2-rennslislíkanið, sem er af þeirri gerð, er á ensku nefnist "semi-deterministic", eða hálf-ákvarðanlegt. Skilgreiningin felur það í sér, að líkanið reynir að líkja eftir náttúrunni að svo miklu leyti sem það er mögulegt og hagkvæmt, en notar einfaldanir á flóknum eðlisþáttum náttúrunnar þegar þeim mörkum er náð. Kemur þar tvennt til: Ekki er mögulegt að reikna hluti sem mælingar ná ekki yfir, og ekki er hagkvæmt að reikna nákvæmar en að vissu marki, þegar viðbótarnákvæmnin hverfur í hafsþjó óvissu í öðrum þáttum eða er óheyri-lega dýr í forritun, tölvutíma, mælingum eða öðru því, sem mælistika fjármagnsins nær yfir.

Við útreikning á rennslinu notar reiknilíkanið veðurupplýsingar, hitastig og úrkomu, frá Hallormsstað og Teigarhorni. Reiknilíkanið var aðlagð að rennsli Jökulsár við Hól (vhm 109), á grundvelli dagsmeðalrennslis, fyrir tímabilið 1965-1980. Vatnasvið Jökulsár ofan vhm 109 mældist  $560 \text{ km}^2$ , þar af  $150 \text{ km}^2$  á jökli, og var þá farið eftir yfirborðshæðarlínum á jöklinum. Niðurstaða aðlögunarinnar varð sú að reiknaða rennslisröðin inniheldur 79% af breytileika mældu rennslisraðarinnar fyrir tímabilið 1965-1980, og vatnsjöfnuður varð -0,8%, sem þýðir að meðalgildi reiknuðu raðarinnar er 0,8% ( $= 0,2 \text{ m}^3/\text{s}$ ) lægra en meðalgildi melda rennslisins.

EFNISYFIRLIT

	bls.
ÁGRIP .....	2
EFNISYFIRLIT .....	3
TÖFLUSKRÁ .....	4
MYNDASKRÁ .....	5
1 INNGANGUR .....	7
2 SVÆDISLÝSING .....	8
2.1 Landslag og staðhættir .....	8
2.2 Vatnafar og vatnasvið .....	10
2.3 Jarðfræði .....	15
3 REIKNILÍKAN .....	16
4 ÚRVINNSLA Á GÖGNUM .....	22
4.1 Skipting vatnasviðsins .....	22
4.2 Rennslisgögn .....	22
4.3 Veðurgögn .....	24
4.3.1 Hiti .....	25
4.3.2 Úrkoma .....	27
4.3.3 Uppgufun .....	32
5 NIÐURSTÖÐUR .....	33
HEIMILDASKRÁ .....	57
VIÐAUKI 1: Rennslisskýrslur Vatnamælinga .....	59
VIÐAUKI 2: Líkanstuðlar og byrjunargildi, reiknað rennsli ..	77

## TÖFLUSKRÁ

	bls.
1 Einkennistödur vatnasviðs Jökulsár í Fljótsdal .....	11
2 Mánaðarmeðaltöl og staðalfrávik þeirra, Jökulsá í Fljótsdal, vhm 109, 1965-1980 .....	12
3 Ársrennsli vhm 109 og ársúrcoma á Hallormsstað .....	14
4 Ársrennsli vhm 109 og ársúrcoma á Teigarhorni .....	14
5 Skipting vatnasviðs Jökulsár í Fljótsdal ofan vhm 109 ..	23
6 Samanburður á tölfræðilegum stærðum í mældu og reikn- uðu rennslisröðinni, 1965-1980 .....	43
7 Samanburður ársmeðaltala í mældri og reiknaðri rennslisröð .....	45
8 Samanburður tölfræðilegra stærða í rennslisröðum, tímabil 1965-1971 .....	49
9 Samanburður mældra og reiknaðra ársmeðaltala 1965-'71 ..	53
10 Hæsta tveggja vikna meðalrennsli innan hvers árs, 1965- '71 .....	53
11 Hæstu dagsmeðalgildi og tveggja vikna meðalgildi rennslisins innan hvers árs .....	54
12 Samanburður áætlaðs rennslis við Eyjabakka, 1965-'80 ...	56
13 Skipting vatnasviðsins ofan vhm 109 (í viðauka 2) .....	78
14 Samanburður rennslis í Laugará og úrkomu á Hallorms- stað (í viðauka 2) .....	80
15 Stærðir notaðar við útreikning á dreifingu snjóhulu (í viðauka 2) .....	83
16 Byrjunargildi á stærðum, sem ganga inn í útreikning á snjó og eiginleikum hans (í viðauka 2) .....	85
17 Byrjunargildi á hitaferli í jökli (í viðauka 2) .....	86

MYNDASKRÁ

	bls.
1 Afstöðumynd, lega Jökulsár í Fljótsdal, veðurstöðva og vatnshæðarmæla .....	9
2 Langsnið í Jökulsá í Fljótsdal frá jökli að vhm 109 ....	9
3 Meðaltalsferlar fyrir árið byggt á árunum '65-'80, vhm 109, Jökulsá í Fljótsdal .....	13
4 NAM2-líkan, yfirlitsmynd .....	16
5 Meðhöndlun NAM2-líkansins á varmaflæði, yfirlitsmynd ...	17
6 Vatnasvið Jökulsár í Fljótsdal vhm 109, vatnasviðshæð ..	23
7 Meðaltalsferlar hitastigs fyrir Hallormsstað, byggt á árunum '65-'80. Mánaðarmeðaltöl og staðalfrávik þeirra .....	26
8 Meðaltalsferlar úrkomu á Hallormsstað, byggt á árunum '65-'80. Mánaðarmeðaltöl og staðalfrávik þeirra .....	30
9 Meðaltalsferlar úrkomu á Teigarhorni, byggt á árunum '65-'80. Mánaðarmeðaltöl og staðalfrávik þeirra .....	30
10 Samanburður á meðalúrkomu á Teigarhorni, tvöföld massalína ("double mass curve") .....	31
11 Samanburður á meðalúrkomu á Hallormsstað, tvöföld massalína ("double mass curve") .....	31
12 Jökulsá í Fljótsdal, vhm 109, 1965-1969, mælt og reiknað rennsli .....	35
13 Jökulsá í Fljótsdal, vhm 109, 1965-1980, mælt og reiknað rennsli .....	37-41
14 Meðaltalsferlar mælds og reiknaðs rennslis byggt á árunum '65-'80. Mánaðarmeðaltöl og staðalfrávik þeirra .	44
15 Langæislinur á grundvelli dagsmeðalgilda, '65-'80, mælt og NAM2-reiknað .....	46
16 Langæislinur á grundvelli tveggja vikna meðaltala '65-'80, mælt og NAM2-reiknað .....	46
17 Meðaltalsferlar yfir árið, byggt á árunum '65-'71. Tveggja vikna meðaltöl og staðalfrávik þeirra. Mælt og reiknað .....	50
18 Meðaltalsferlar yfir árið, byggt á árunum '65-'71. Tveggja vikna meðaltöl og staðalfrávik þeirra. Mælt og NAM2-reiknað .....	50
19 Langæislinur út frá tveggja vikna meðaltölum '65-'71. Mælt og LR-reiknað .....	51
20 Langæislinur út frá tveggja vikna meðaltölum '65-'71. Mælt og NAM2-reiknað .....	51



## 1 INNGANGUR

---


Skýrsla þessi fjallar um áætlun á rennsli Jökulsár í Fljótsdal með NAM2-reiknilíkaninu. Orkustofnun hefur unnið verkið eftir beiðni frá Rafmagnsveitum ríkisins. Í verkáætlun, sem Orkustofnun gerði og samþykkt var á fundi með Rafmagnsveitunum 10. október 1981, er verkinu skipt í tvo þætti. Fyrri hlutinn heitir: "Uppsetning og aðlögun reiknilíkansins fyrir vatnasvið Jökulsár í Fljótsdal ofan vhm 109". Í þessum þætti, eins og segir í áætluninni: "felst að vinna undirbúningsvinnu hvað varðar meðhöndlun á veðurgögnum og mældu rennsli, svo og uppmæling á vatnasviðinu og skipting þess í hlutsvæði. Síðan aðlaga reiknilíkanið að vatnasviðinu." Síðari hluti verkáætlunarinnar heitir: "Samamburður rennslisraða." Í þessum verkþætti var gerður samamburður á rennslisröðun fyrir rennsli Jökulsár við Hól (vhm 109) tímabilið 1965-1980, þ.e. mældu rennslisröðinni, þeirri röð er NAM2-reiknilíkanið gefur, og svo þeirri "regression"röð, sem notuð var í skýrslunum um Austurlandsvirkjun frá maí 1978 (Almenna verkfræðistofan hf., Virkir h.f. & Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. 1978) og einnig í framvinduskýrslu frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. frá september 1981 um rennslisathugun fyrir Fljótsdalsvirkjun.

Í janúar 1982 kom út bráðabirgðaskýrsla (Sigurður L. Hólm 1982) um niðurstöður fyrri verkþáttarins. Skyld er að geta þess, að munur er á þeirri niðurstöðu, sem er í bráðabirgðaskýrslunni, og þeirri, sem hér er, í þá veru, að reiknaða rennslið 1965 fellur betur að mældu rennslinu það ár, vegna þess að nokkur byrjunargildi hafa breyst, frá því bráðabirgðaskýrslan kom út.



## 2.1 Landslag og staðhættir

Jökulsá í Fljótsdal á upptök sín í norðausturhluta Vatnajökuls, nánar tiltekið í Eyjabakkajökli. Frá upptökunum rennur áin um Eyjabakkalægðina og safnast þar saman í einn farveg. Þaðan fellur hún niður í Norðurdal, sem er þröngur dalur inn úr Fljótsdal. Í farveginum frá Eyjabökkum og niður í Norðurdal eru margir fossar, þeirra efstur er Eyjabakkafoss. Innst er dalbotninn í aðeins 25 m y.s. en beggja megin rísa hliðarnar upp í 600 m hæð.




MYND 1 Afstöðumynd, lega Jökulsár í Fljótsdal, veðurstöðva og vatnshæðarmæla.

Jökulsá og Kelduá, sem rennur um Hraun, sameinast á móts við bæinn Valþjófsstað í Fljótsdal og mynda Lagarfljót, er fellur til sjávar í Héraðsflóa. Lega árinna og langsníð eru sýnd á myndum 1 og 2.

Allmargar en fremur smáar þverár falla í Jökulsá í Fljótsdal. Helstar eru Hafursá og Laugará að norðanverðu, en Innri- og Ytri-Heiðará ásamt Sníkilsá að sunnanverðu.

Varðandi nánari staðhættalýsingu vísast til: Almenna verkfræðistofa hf., Virkir hf. & Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. (1978).



MYND 2 Langsníð í Jökulsá í Fljótsdal frá jökli að vhm 109.

## 2.2 Vatnafar og vatnasvið

Jökulsá í Fljótsdal flokkast sem blönduð á, jökulá og dragá. Um jökulár segir Sigurjón Rist (1956):

"Rennsli jökulvatna er háð skörpum sveiflum. Það eykst í júní-mánuði og er mjög mikið í júlí og ágúst, en minnkar oft snögglega í september og er mjög lítið allan veturinn. Þar sem beljandi forað brýst fram undan jökli á heitum sumardegi, er aðeins örlítill sytra eða jafnvel þurrt með öllu að áliðnum vetri.

Þá eru dægursveiflur einnig einkennandi fyrir jökulár. Þegar sólfar er mikið að sumrinu, verða þær vatnsmestar við jökuljaðar um nónbil, en minnstar á morgnana skömmu eftir sólarupprás. Heildarvatnsmagn ársins er mikið í hlutfalli við stærð vatnasviðsins, og aurmagnið er einnig mjög mikið.

Vatnshitinn er nálægt 0°C við jökuljaðar allt árið um kring. Lofthitinn á auðvelt með að hafa áhrif á vatnshitann, því að jökulár renna yfirleitt dreift. Frauðkenndar íshrannir myndast strax meðfram þeim eftir einnar natúr frost. Vatnsstaðan hækkar af grunnstingli og árnar leggur snemma að haustinu. Við útföllin úr jöklinum eru þó löngum vakir eða ís ótraustur."

Í sama riti segir um dragár, að það séu ár án nokkurra glöggra upptaka, orðnar til úr sytrum í lækja- og daladrögum. Dragárnar eru mjög háðar verurfari, vaxa ört í rigningum, en svo hripar fljótt úr þeim, er styttnir upp.

Það sem gefur Jökulsánni dragáreinkenni er Fljótsdalsheiðin og þær þverár og lækir sem af henni falla í Jökulsána.

Heildarvatnasvið Jökulsár í Fljótsdal ásamt Lagarfljóti við ós er um 2900 km<sup>2</sup>. Með því að nota AMS-kort í kvarða 1:50.000, en það eru bestu kortin, sem ná yfir allt vatnasviðið, mældist vatnasvið Jökulsár ofan vatnshæðarmælis 109 560 km<sup>2</sup>. Þar af eru 150 km<sup>2</sup> á jökli og er þá farið eftir yfirborðshæðarlinum á jöklinum. Vatnasvið ofan vhm 109 er sýnt á mynd 1. Í töflu 1 eru helstu einkennistöflur vatnasviðsins.

TAFLA 1 Einkennistöölur vatnasviðs Jökulsár í Fljótsdal.

Vatnasvið Jökulsár og Lagarfljóts við ós:	2900 km <sup>2</sup>
Vatnasvið Jökulsár ofan vhm 109:	560 -
Vatnasvið neðan stíflustæðis við Eyjabakka:	267 -
Vatnasvið ofan stíflustæðis við Eyjabakka:	293 -
Jökulhulið vatnasvið:	150 -
Mesta hæð vatnasviðs:	1833 m y.s.
Meðalhæð vatnasviðs:	670 m y.s.
Hæð vhm 109:	60 m y.s.
Lengd Jökulsár og Lagarfljóts:	140 km
Fjarlægð vhm 109 frá upptökum Jökulsár	45 km

Rennsli Jökulsár hefur verið mælt frá september 1962, vatnshæðarmælir 109 við bæinn Hól í Norðurdal, sjá mynd 1. Samkvæmt rennslisskýrslum Vatnamælinga Orkustofnunar (Viðauki 1) telst nákvæmni mælinganna "góð", enda þótt ístruflanir séu langvinnar, því rennslisbreytingar eru að jafnaði hægar yfir veturinn. Meðalrennsli Jökulsár í Fljótsdal tímabilið 1965-1980 er 26,9 m<sup>3</sup>/s og staðalfrávik á dagsgrundvelli 32,3 m<sup>3</sup>/s.

Mesta melda rennsli er 476 m<sup>3</sup>/s þann 26. desember 1972. Dagsmeðalrennsli þann dag var þó aðeins 107 m<sup>3</sup>/s. Mesta melda dagsmeðalrennsli er 325 m<sup>3</sup>/s, þann 23. nóvember 1978. Minnsta melda dagsmeðalrennsli er 1,2 m<sup>3</sup>/s.

Í rennslisskýrslum Vatnamælinga er getið tveggja jökulhlaupa frá upphafi mælinga. Hið fyrra var 14.- 15. júlí 1975. Hámarksrennsli var 428 m<sup>3</sup>/s við vhm 109 en heildarvatnsmagn um 26 Gl. Mesta dagmeðalrennsli var 294 m<sup>3</sup>/s.

Seinna hlaupið var 25.- 26. júlí 1976. Hámarksrennsli var  $365 \text{ m}^3/\text{s}$  við vhm 109 en heildarvatnið um 15 Gl. Mesta dagsmeðalrennsli var  $285 \text{ m}^3/\text{s}$ .


Mánaðarmeðaltöl,  $\bar{Q}_{109}$ , og staðalfrávik,  $S_{\bar{Q}_{109}}$ , þeirra eru gefin í töflu 2.

TAFLA 2      Mánaðarmeðaltöl og staðalfrávik þeirra,  
Jökulsá í Fljótisdal, vhm 109, 1965-1980.

	$\bar{Q}$ $\text{m}^3/\text{s}$	$S_{\bar{Q}}$ $\text{m}^3/\text{s}$
Jan	5,8	4,9
Feb	5,1	4,1
Mars	5,5	3,4
Apr	11,5	13,5
Maí	40,0	20,3
Júní	66,4	18,5
Júlí	60,4	16,3
Ágúst	54,8	15,4
Sept	30,2	13,1
Okt	21,7	12,5
Nóv	12,5	13,7
Des	7,1	5,6

Mynd 3 sýnir meðaltalsferilinn yfir árið, þar koma vel fram einkenni árinna.

Að vetrinum (nóv.- mars) er rennslið lítið og nær eingöngu grunnvatnsrennsli eða annað rennsli, með háum tímastuðli ("interflow"). Lágrennslið er svo krýnt með einstaka blotaskvettum. Stærstur hluti ársrennslisins kemur á vorin og sumrin vegna snjóbráðunar. Seinnipart sumars og á haustin (ágúst-okt.) koma oft töluverðir rennslistoppar, aðallega af völdum ísbráðunar.



MYND 3 Meðaltalsferlar fyrir árið byggt á árunum '65-'80, vhm 109 Jökulsá í Fljótisdal.

Í töflum 3 og 4 er ársrennslið í Jökulsá,  $Q_{109}$ , borið saman við ársúrkomu á Hallormsstað,  $U_H$ , og Teigarhorni,  $U_T$ , en engin veðurathugunarstöð er innan vatnasviðsins ofan vhm 109. Í töflunni má lesa hvernig hlutfallið ársrennsli/ársúrcoma breytist frá ári til árs og einnig hve mörg % hlutfallið vikur frá meðaltali. Fram kemur mun stöðugra samband ársrennslisins við úrkomuna á Teigarhorni en á Hallormsstað. Bendir þetta til þess að vænlegra til árangurs við útreikning á rennslinu sé að nota úrkomuna frá Teigarhorni heldur en úrkomuna frá Hallormsstað. Nánar er um þetta fjallað í kafla 4.3.

TAFLA 3 Ársrennsli vhm 109 og ársúrkomu  
á Hallormsstað.

Ár	Q <sub>109</sub> Gl/ár	U <sub>H</sub> mm/ár	Q <sub>109</sub> /U <sub>H</sub> Gl/mm	% af meðaltali
1965	629	304	2,07	157
'66	714	543	1,32	100
'67	712	607	1,17	89
'68	895	740	1,21	92
'69	855	546	1,57	119
'70	841	768	1,10	83
'71	743	615	1,21	92
'72	884	1198	0,74	56
'73	875	719	1,22	92
'74	987	908	1,09	83
'75	936	502	1,87	142
'76	1089	936	1,16	88
'77	878	508	1,73	131
'78	915	816	1,12	85
'79	718	797	0,90	68
'80	912	567	1,61	122
Meðaltal	849	692	1,32	100
Staðal- frávik	119	215	0,36	

TAFLA 4 Ársrennsli vhm 109 og ársúrkomu  
á Teigarhorni.


Ár	Q <sub>109</sub> Gl/ár	U <sub>T</sub> mm/ár	Q <sub>109</sub> /U <sub>T</sub> Gl/mm	% af meðaltali
1965	629	917	0,69	97
'66	714	1029	0,69	97
'67	712	836	0,85	118
'68	895	1209	0,74	104
'69	855	1358	0,63	89
'70	841	1069	0,79	111
'71	743	1272	0,58	82
'72	884	1482	0,60	85
'73	875	1124	0,78	110
'74	987	1690	0,58	82
'75	936	1126	0,83	117
'76	1089	1351	0,81	114
'77	878	1223	0,72	101
'78	915	1386	0,66	93
'79	718	1178	0,61	86
'80	912	1121	0,81	114
Meðaltal	849	1211	0,71	100
Staðal- frávik	119	213	0,09	

### 2.3 Jarðfræði

Berggrunnurinn á svæði Jökulsár í Fljótsdal er aðallega hraunlög úr basalti og andesíti, en í minna mæli aðrar berggerðir eins og bólstra-berg, breksía, molaberg o.fl. Elstu berglöggin eru á bilinu 2,8-2,4 milljóna ára. Jarðgrunnurinn samanstendur af mýrum, móm, melum, jökulseti o.fl. Jarðgrunnurinn er þunnur, 0-2 m, nema á einstaka mýra- og skriðusvæðum. Ýtarlegri lýsingar um jarðfræði svæðisins er m.a. að finna í: Ágúst Guðmundsson (y.) & Bessi Aðalsteinsson (1978) og í Elsa G. Vilmundardóttir (1972).




Með NAM2-reiknilíkaninu er unnt að reikna rennsli frá snjó og jökulís. Venjulega reiknar líkanið dag fyrir dag, og þarf þess vegna sólarhrings-meðalgildi af þeim veðurgögnum, sem notuð eru. Niðurstaða reikninganna er tímaröð með dagsmeðalgildum rennslis. Mynd 4 sýnir uppbyggingu NAM2-líkansins.



MYND 4 NAM2-líkan. Yfirlitsmynd.

Í líkaninu er vatnasviðinu skipt upp í jökullaus og jökulhulín hlutsvæði, sem svo má skipta enn frekar upp. Reiknilíkanið meðhöndlar hvert hlutsvæði sérstaklega, og er þannig reynt að taka sem best tillit til þeirra ólíku eðlisfræðilegu þátta, sem gilda eftir því hvort um er að ræða jökulsvæði eða jökulvana svæði, svo og mismunandi halla yfirborðsins, gróðurfars og fleira.

Í ám eins og Jökulsá í Fljótisdal, þar sem verulegur hluti rennslisins er af völdum snjóbráðunar og að einhverjum hluta ísbráðnun, hafa varmaskipti andrúmsloftsins og snævarins/íssins mikil áhrif, þar sem þau stýra varmaástandi snævarins og þar með bráðuninni. Mynd 5 sýnir meðhöndlun NAM2-líkansins á varmastreymi.



MYND 5 Meðhöndlun NAM2-líkansins á varmaflæði, yfirlitsmynd.

Með því að nota endurbætt gráðudagalíkan, líking 1, er varmastreymið reiknað:

$$\Delta H = C_H \cdot (T_a - T_v) + U \cdot L_f \quad (1)$$

þar sem

$\Delta H$  er varmatilfærsla, ly/dag, frá andrúmsloftinu til snævarins ( $T_a > T_v$ ) eða öfugt ( $T_a < T_v$ ).

$T_a$  er meðal loftshiti, °K.

$T_v$  er valið viðmiðunarhitastig, °K. Annað hvort  $T_{so}$  eða  $T_i$ , við yfirborð jökuls, eftir því hvað við á (mynd 5).

$C_H$  er gráðudagastuðull varmaflutnings ly/°K, dag.

$U$  er regnmagn, cm/dag.

$L_f$  er þéttivarmi ("latent heat of fusion") cal/gm.

Gráðudagastuðull varmaflutningsins,  $C_H$ , er ekki fasti heldur breytist yfir árið með sólarhæð, og í reiknilíkaninu eftir líkingu 2:

$$C_H = C_1 \frac{S}{S_{\max}} (1-\alpha) + C_2 \quad (2)$$

þar sem

$S$  er stuttbylgjugeislun sólar á ytri hluta lofthjúpsins, cal/cm<sup>2</sup>,dag

$S_{\max}$  er stuttbylgjugeislunin þann 21. júní (sumarsólstöður), cal/cm<sup>2</sup>,dag.

$\alpha$  er endurkast snævarins/íssins ("albedo").

$C_1$  og  $C_2$  eru aðlögunarstuðlar, ly/°K,dag.

Kosturinn við að nota líkingar (1) og (2) við útreikning á varmaskiptunum er, að einu veðurgögnin, sem þarf eru hitastig og úrkoma, en  $S$  er háð afstöðu svæðisins til sólar, sem breytist með breiddargráðunum.  $S$  er því töflugildi. Ef aðrar og flóknari aðferðir eru notaðar til ákvörðunar á varmaflutningnum þarf mun meira magn gagna, t.d. upplýsingar um skýjahulu, vindstyrk, langbylgjugeislun, rakastig o.fl.

Ekki er allt fengið með ákvörðun á varmaflæðinu. Meðal þeirra stærða, sem þarf að reikna fyrir hvern dag, varðandi snjóinn eru snjódýpt, hitastig, eðlismassi, dreifing snævarins, frjálst vatn í snjónum, bráðnun, sá hluti bráðnunar sem nær botni snævarins o.fl. Útreikningi á hinum ýmsu stærðum verður ekki lýst hér, heldur vísað til: Sigurður Lárus Hólm (1981).

Eins og fram kemur á mynd 4 er öllu vatni frá jökulvana svæðum safnað saman í yfirborðsgeymi, þ.e. bæði snjóbráð og rigningu. Yfirborðsgeymirinn, en hann hefur dýptina  $U^*$ , dreifir vatni til yfirborðsrennslis, innstreymis ("infiltration"), uppgufunar og millirennslis ("interflow"). Ef vatn er í yfirborðsgeyminum er uppgufunin gnóttargufun. Millirennslíð ákveðst af líkingunni:

$$IF = \begin{cases} C_{IF} \cdot \frac{L/L^* - C_{L1}}{1 - C_{L1}} \cdot U, & \text{ef } L/L^* > C_{L1} \\ 0 & \text{ef } L/L^* < C_{L1} \end{cases} \quad (3)$$

þar sem

IF er millirennislið (ómiðlað), cm/dag

$C_{IF}$  og  $C_{L1}$  eru aðlögunarstuðlar, einingarlausar stærðir minni en 1.

$L^*$  er hámarks vatnsstaða í sigvatnsgeymi, cm.

$L$  er vatnsstaðan í sigvatnsgeymi á hverjum tíma, cm.

$U$  er vatnsstaðan í yfirborðsgeymi á hverjum tíma.

Ef yfirborðsgeymirinn er fullur ( $U > U^*$ ) rennur úr honum,  $P_N$ . Sá hluti sem rennur sem yfirborðsvatn er ákveðinn eftir líkingu (4):

$$OF = \begin{cases} C_{OF} \cdot \frac{L/L^* - C_{L2}}{1 - C_{L2}} \cdot P_N, & \text{ef } L/L^* > C_{L2} \\ 0 & , \text{ef } L/L^* < C_{L2} \end{cases} \quad (4)$$

þar sem

OF er yfirborðsrennsli (ómiðlað).

$C_{OF}$  og  $C_{L2}$  eru aðlögunarstuðlar, einingarlausar stærðir minni en 1.

$P_N$  er útstreymi úr yfirborðsgeymi, cm/dag.

Sá hluti af  $P_N$  sem ekki fer í yfirborðsrennsli sígur niður ýmist í sigvatnsgeymi eða grunnvatnsgeymi. Sá hluti, sem nær grunnvatnsgeymi ákveðst af líkingunni:

$$G = \begin{cases} (P_N - O_F) \cdot (L/L^* - C_{LG}), & \text{ef } L/L^* > C_{LG} \\ 0 & , \text{ef } L/L^* < C_{LG} \end{cases} \quad (5)$$

þar sem

$G$  er sá hluti  $P_N$ , sem sígur niður í grunnvatnsgeymi, cm/dag

$C_{LG}$  er aðlögunarstuðull, einingarlaus stærð minni en 1.

Í sigvatnsgeymi safnast eftir líkingunni

$$DL = P_N - OF - BF \quad (6)$$

þar sem

DL er viðbótin í sigvatnsgeyminn.

Hver rennslispáttur er að lokum sendur gegnum línulegan geymi, sem lýst er með líkingunni

$$Q_u(t) = Q_i(t) \cdot (1 - e^{-1/k}) + Q_u(t-1)e^{-1/k} \quad (7)$$

þar sem

$Q_u(t)$  er útrennslið úr línulegum geymi, cm/dag, miðlað rennsli, á tíma  $t$ .

$Q_u(t-1)$  er sama og  $Q_u(t)$ , nema á tíma  $t-1$ , cm/dag.

$Q_i(t)$  er innrennsli í línulegan geymi, ómiðlað rennsli (OF, IF, BF), cm/dag.

$K$  er tímastuðull miðlunarinnar, dagar. ( $K_{OF}$ ,  $K_{IF}$ ,  $K_{BF}$ ).

Varðandi tölulegar stærðir stuðlanna í líkingum (3) - (7) vísast til Viðauka 2.

Frá jökulsvæðum kemur, eins og áður sagði, vatn vegna bráðnunar snævar og íss. Ísbráðnun verður ekki fyrr en ofan á liggjandi snjór er farinn. Vegna þess að svörun jökuls er frábrugðin svörun jökulvana svæða, er það vatn, sem frá jöklinum kemur, sent í gegnum sérstakan línulegan geymi.

Til þess að meta hversu vel aðlögun reiknilíkansins að vatnasviðinu hefur tekist eru einkum tvær stærðir notaðar. Önnur stærðin er vatnsjöfnuður, sem segir til um hvort reiknað vatnsmagn sé of lítið eða mikið miðað við mælt rennsli.

Vatnsjöfnuðurinn er reiknaður með líkingunni:

$$v_j = \frac{\sum_{i=1}^N (Q_i^r - Q_i^m)}{\sum_{i=1}^N Q_i^m} \quad (8)$$

þar sem

$v_j$  er vatnsjöfnuður

$Q_i^m$  er mælt rennsli fyrir dag, cm/dag, km<sup>2</sup>

$Q_i^r$  er reiknað rennsli fyrir dag  $i$ , cm/dag, km<sup>2</sup>

Breytileikinn ("initial variance") í melda rennslinu reiknast eftir líkingunni:

$$F_o^2 = \sum_{i=1}^N (Q_i^m - \bar{Q}_i^m)^2 \quad (9)$$

þar sem

$F_o^2$  er breytileikinn, (cm/dag, km<sup>2</sup>)<sup>2</sup>

$\bar{Q}_i^m$  er meðalgildi melda rennslisins, cm/dag, km<sup>2</sup>

Með líkingu (10) er unnt að meta hversu mikinn hluta af breytileika mældu raðarinnar reiknaða röðin inniheldur:

$$R^2 = \frac{\sum_{i=1}^N (Q_i^m - \bar{Q}_i^m)^2 - \sum_{i=1}^N (Q_i^m - Q_i^r)^2}{\sum_{i=1}^N (Q_i^m - \bar{Q}_i^m)^2} \quad (10)$$

þar sem

$R^2$  er skýrður breytileiki ( $-\infty < R^2 < 1$ )

Því nær sem  $R^2$  er 1 og  $v_j$  nær 0, því betri er aðlögun reiknilíkansins. Kosturinn við  $R^2$ -mælikvarðann er, að hann er einingarlaus og hlutfallslegt mat. Veikleikinn er hinsvegar sá, að  $R^2$  er háð breytileika mældu raðarinnar ( $F_o^2$ ), sem hefur í för með sér að samanburður milli mismunandi tímaraða og mismunandi vatnasviða er ómögulegur.

Ördugt getur reynst að aðlaga reiknilíkanið eingöngu útfrá ofanskráðum tölulegum matsstærðum. Er sjónmat á teiknuðum niðurstöðum oft besti vegvísirinn við aðlögun reiknilíkansins.

Varðandi nánari útlistun á reiknilíkaninu í heild sinni vísast til: Sigurður Lárus Hólm (1981).

#### 4.1 Skipting vatnasviðsins

Eins og fram kom í kaflanum um reiknilíkanið, þá er vatnasviðinu skipt upp í undirsvæði og rennsli frá hverju þeirra reiknað sérstaklega. Við mælingar á vatnasviðinu voru notuð AMS-kort í mælikvarða 1:50000 með 20 metra bili milli hæðarlína, en það eru bestu kortin sem ná yfir allt vatnasviðið. Vatnasviðinu var fyrst skipt í tvö svæði, sem aðgreinast við fyrirhugað stíflustæði við Eyjabakka. Þeim var síðan skipt í undirsvæði og jökulvana svæðum haldið aðgreindum frá jökulsvæðum. Mynd 6 sýnir hæðardreifingu vatnasviðsins ofan vhm 109. Í töflu 5 er skipting vatnasviðsins gefin, en hún ræðst af legu hæðarlínanna. Heildarvatnasviðið er 560 km<sup>2</sup>.

Alls eru hlutsvæðin 32. Hlutsvæði 1-13 eru öll neðan fyrirhugaðs stíflustæðis og jökulvana. Þau eru samtals 47,57% af vatnasviðinu eða 266 km<sup>2</sup>. Hlutsvæði 14-32 eru öll ofan fyrirhugaðs stíflustæðis við Eyjabakka. Af þeim eru svæði 24-32 jökulhulin, 26,86% eða 150 km<sup>2</sup>. Jökulvana hlutsvæðin ofan stíflustæðis eru svæði 14-23, 25,58% eða 144 km<sup>2</sup>.


#### 4.2 Rennslisgögn

Fram kemur í kafla 2.2, að rennsli Jökulsár í Fljótisdal hefur verið mælt frá 1962 við bæinn Hól í Norðurdal, vhm 109. Dagsmeðalgildi mælds rennslis fyrir tímabil 1965-1980 að báðum meðtöldum eru notuð við aðlögun reiknilíkansins að vatnasviðinu. Ástæðan fyrir því að byrjað er á árinu 1965, er sú að veðurgögnin, sem reiknilíkanið notar, voru ekki til á tölvutæku formi er verkið hófst nema frá október 1964.

Fyrstu fimm árin, 1965-1969, eru notuð til að fella líkanið að vatnasviðinu. Allt tímabilið er svo notað til að athuga stöðugleika þeirrar aðlögunar, og ef til vill gera einhverjar breytingar frá þeim líkanstuðlum er best féllu að fimm ára tímabilinu, svo að aðlögunin fyrir öll 16 árin væri sem best. Rennslisskýrslur Vatnamælinga Orkustofnunar eru í viðauka 1.

**TAFLA 5** Skipting vatnasviðs Jökulsár í Fljótsdal  
ofan vhm 109.

Númer hlutsvæðis	Hlutfallsleg stærð hlutsvæðis %	Lega hlutsvæðis m y.s.
1	1,16	50 - 200
2	4,35	200 - 500
3	10,93	500 - 600
4	24,23	600 - 700
5	3,54	700 - 800
6	1,69	800 - 900
7	0,87	900 - 1000
8	0,35	1000 - 1100
9	0,15	1100 - 1200
10	0,10	1200 - 1300
11	0,09	1300 - 1400
12	0,04	1400 - 1500
13	0,07	1500 - 1800
14	11,02	600 - 700
15	5,28	700 - 800
16	4,85	800 - 900
17	2,01	900 - 1000
18	0,99	1000 - 1100
19	0,44	1100 - 1200
20	0,51	1200 - 1300
21	0,11	1300 - 1400
22	0,10	1400 - 1500
23	0,18	1500 - 1800
24	0,46	600 - 700
25	1,41	700 - 800
26	2,79	800 - 900
27	2,15	900 - 1000
28	4,65	1000 - 1100
29	5,81	1100 - 1200
30	5,96	1200 - 1300
31	3,00	1300 - 1400
32	0,62	1400 - 1500



**MYND 6** Vatnasvið Jökulsár í Fljótsdal vhm 109.  
Vatnasviðshæð.



### 4.3 Veðurgögn

NAM2-reiknilíkanið notar sólarhringsgildi hitastigs og úrkomu við útreikning á rennsli, en metur sjálft uppgufunina (sjá 4.3.3). Þær veðurstöðvar, sem til greina kom að nota upplýsingarnar frá eru:

- 1) Veðurstöð nr. 705, Höfn í Hornafirði, mælingar frá 1965.  
(Hólar í Hornafirði mælingar frá 1921).
- 2) Veðurstöð nr. 675, Teigahorn í Búlandshreppi, mælingar frá 1874.
- 3) Veðurstöð nr. 580, Hallormsstaður í Vallahreppi, mælingar frá 1937.
- 4) Veðurstöð nr. 495, Grímsstaðir á Fjöllum í Fjallahreppi, mælingar frá 1907.

Lega veðurstöðvanna er sýnd á mynd 1. Þar sést að engin stöðvanna liggur innan vatnasviðsins. Tvær af stöðvunum, Höfn í Hornafirði og Teigarhorn, liggja sjávarmegin við Austurlandsfjallgarðinn, Höfn í 8 m y.s. og Teigarhorn 18 m y.s. Áhrif hafsins á bæði hitastig og úrkomu á stöðvunum hljóta að vera töluverð. Hallormsstaður í hæð 60 m y.s. er sú veðurstöð, sem næst liggur vatnasviðinu, í um 20 km fjarlægð frá mælistaðnum við Hól og um 65 km frá upptökum Jökulsár í Eyjabakkajökli. Grímsstaðir á Fjöllum er nyrsta stöðin og sú eina í umtalsverðri hæð, 384 m y.s. Á hinn bóginn liggja Grímsstaðir langt frá vatnasviðinu ( $\approx 100$  km).

Algengasta úrkomuáttin á svæðinu er suðaustlæg. Því er ljóst að svæðið umhverfis Jökulsána er fremur úrkomusnautt, þar sem úrkoman hefur fallið sjávarmegin á Austurlandsfjallgarðinn og Vatnajökul. Að auki, hvað varðar Grímsstaði á Fjöllum, þá rís land víða 500-700 m y.s. á milli Jökulsár og Grímsstaða og dregur þannig enn frekar úr úrkomunni á Grímsstöðum. Þar á bætist að stærsti hluti úrkomunnar er snjór, sem mælist verr en regn.

#### 4.3.1 Hiti

Ársmeðalhiti á stöðvunum fjórum fyrir tímabilið 1965-1980 er:

Höfn í Hornafirði:	4,1 °C
Teigarhorn	3,5 °C
Hallormsstaður	3,3 °C
Grímsstaðir	0,2 °C

Þess skal getið að á öllum stöðvunum eru hitamæliskýli á víðavangi á því tímabili.

Athugun á línulegu sambandi rennslis og hitastigs á ársgrundvelli gaf eftirfarandi niðurstöðu.

$$Q_{109} = 2,54 \cdot T_{\text{Höfn}} + 16,65, \quad r = 0,54$$

$$Q_{109} = 2,74 \cdot T_{\text{Teig}} + 16,95, \quad r = 0,56$$

$$Q_{109} = 2,86 \cdot T_{\text{Hall}} + 17,28, \quad r = 0,65$$

$$Q_{109} = 2,53 \cdot T_{\text{Grím}} + 26,28, \quad r = 0,65$$

þar sem

$Q_{109}$  er meðalrennslis ársins, vhm 109, í  $\text{m}^3/\text{s}$

$T_x$  er meðalhiti ársins á stöðvunum fjórum í °C

Eins og fram kemur er fylgni rennslis best við hitastigið á Hallormsstað og Grímsstöðum, en minni fyrir hinar tvær stöðvarnar. Athugun á línulegu sambandi ársmeðalhitans á Hallormsstað annars vegar og Grímsstöðum og Teigarhorni hins vegar gefur niðurstöðuna


$$T_{\text{Hall}} = 0,84 \cdot T_{\text{Grím}} + 3,13, \quad r = 0,98$$

$$T_{\text{Hall}} = 1,04 \cdot T_{\text{Teig}} - 0,37, \quad r = 0,94$$

Á grundvelli framangreindra reikninga er valið að nota hitamælingar frá Hallormsstað eingöngu, sem gögn fyrir reiknilíkanið. Þar sem fylgni ársmeðalhitans á Hallormsstað við ársmeðalhitann á Grímsstöðum og Teigarhorni er mjög góð, er hæpið að frekari upplýsingar um hitafarið á vatnasviði Jökulsár ofan vhm 109 sé að fá með því að vege stöðvarnar á einhvern hátt saman, heldur en með því að nota Hallormsstað eingöngu. Að auki,

vegna fjarlægðar Grímsstaða frá vatnasviðinu, gæti reynst erfitt að meta vægi þeirra og einnig á hvaða hlutum vatnasviðsins vægið væri mest.

Mynd 7 sýnir meðaltalsferil hitastigs yfir árið á Hallormsstað út frá mánaðarmeðaltölum, og staðalfrávik þeirra.



MYND 7 Meðaltalsferlar hitastigs fyrir Hallormsstað, byggð á árunum '65-'80. Mánaðarmeðaltöl og staðalfrávik þeirra.

Út frá meðalhita sólarhringsins á Hallormsstað er áætlað hitastig á hverju hlutsvæði vatnasviðsins reiknað með líkingunni:

$$T_{\text{hlsv.}} = T_{\text{Hall}} - \frac{H_{\text{hlsv.}} - H_{\text{Hall}}}{100} \times g^T \quad (11)$$

þar sem

$T_{\text{hlsv.}}$  er hitastigið á viðkomandi hlutsvæði, °K.

$T_{\text{Hall}}$  er sólarhringsmeðalhitinn á Hallormsstað, °K.

$H_{\text{hlsv.}}$  er meðalhæð hlutsvæðisins yfir sjó.

$H_{\text{Hall}}$  er hæð Hallormsstaðar yfir sjó.

$g^T$  er hitastigull, mismunandi eftir því hvort um úrkomudag eða úrkomulausan dag er að ræða ( $^{\circ}\text{C}/100\text{ m}$ ). Aðlögunarstuðlar (sjá viðauka 2).

#### 4.3.2 Úrkoma

Meðalársúrkoman á stöðvunum fjórum fyrir tímabilið 1965-1980 er:

Höfn í Hornafirði	1315 mm/ár
Teigarhorn	1271 -
Hallormsstaður	692 -
Grímsstaðir	345 -

Vindhlífar eru á úrkomumælum á öllum stöðvunum.

Á þessum tölum sést vel hver áhrif Vatnajökuls og Austurlandsfjallgarðs-ins eru, þ.e. úrkoman minnkar verulega, þegar komið er vestur fyrir fjallgarðinn og norður fyrir Vatnajökul.

Athugun á línulegu sambandi milli úrkomu á veðurstöðvunum og mælds rennslis við Hól, á ársgrundvelli, gaf eftirfarandi niðurstöðu:

$$Q_{109} = 0,011 \cdot U_{\text{Höfn}} + 12,26, \quad r = 0,58$$

$$Q_{109} = 0,011 \cdot U_{\text{Teig}} + 13,19, \quad r = 0,65$$

$$Q_{109} = 0,009 \cdot U_{\text{Hall}} + 20,68, \quad r = 0,51$$

$$Q_{109} = 0,002 \cdot U_{\text{Grím}} + 26,02, \quad r = 0,04$$

þar sem

$Q_{109}$  er meðalrennslis ársins, vhm 109, í  $\text{m}^3/\text{s}$

$U_x$  er ársúrkoman á veðurstöðvunum í  $\text{mm}/\text{ári}$ .

Laugará er ein af þverám Jökulsár. Vatnasviðið er  $29\text{ km}^2$  í hæð 650-750 m y.s. Enginn jökull er á vatnasviði Laugarár. Rennslis hefur verið mælt í Laugará frá 1972, vhm 165 (sjá mynd 1). Athugun á línulegu sambandi rennslis í Laugará og úrkomu á Hallormsstað og Teigarhorni á ársgrundvelli tímabilið '72- '80 gefur niðurstöðuna:

$$Q_{165} = 8,15 \times 10^{-4} \cdot U_{\text{Teig}} + 1,97 \times 10^{-1}, \quad r = 0,50$$

$$Q_{165} = 1,11 \times 10^{-3} \cdot U_{\text{Hall}} + 3,95 \times 10^{-1}, \quad r = 0,75$$

þar sem

$Q_{165}$  er meðalrennsli ársins, vhm 165, í  $\text{m}^3/\text{s}$ .

Samband úrkomu á Teigarhorni og Hallormsstað er:

$$U_{\text{Hall}} = 0,70 \cdot U_{\text{Teig}} - 149,87, \quad r = 0,69$$

þ.e. mun verða samband en milli hitastigsmælinganna á stöðvunum tveim. Af niðurstöðum framangreindra reikninga er eftirfarandi ályktun dregin. Þar sem úrkoman á Hallormsstað hefur mun betri fylgni við rennslið í Laugará heldur en úrkoman á Teigarhorni og líklegt er, að rennslið í Laugará gefi sæmilega mynd af þeim rennslispætti Jökulsár, sem kemur frá vatnasviðinu neðan Eyjabakka, er valið að nota eingöngu úrkomumælingar frá Hallormsstað, sem gögn í reiknilíkanið fyrir þann hluta vatnasviðsins, sem er neðan 700 m y.s. Hærrí fylgni úrkomu á Teigarhorni við rennsli til vhm 109 heldur en við úrkomu á Hallormsstað, orsakast sennilega af því, að meirihluti rennslisins við vhm 109 kemur frá Eyjabakkasvæðinu og Eyjabakkajökli.

Líkleg er sú skýring, að úrkoman á Teigarhorni túlki betur úrkomuna á Eyjabakkasvæðið heldur en úrkoman á Hallormsstað. Niðurstaðan er, að úrkomumælingarnar frá stöðvunum tveim eru vegnar saman í reiknilíkaninu fyrir þann hluta vatnasviðsins, sem er ofan 700 m y.s.

Úrkoman á hverju hlutsvæði vatnasviðsins reiknast á eftirfarandi hátt:

$$0 < H_{\text{hlsv.}} < 700 \text{ m y.s.}$$

$$U_{\text{hlsv.}} = k \cdot U_{\text{Hall}} \cdot \left( 1 + \frac{H_{\text{hlsv.}} - H_{\text{Hall}}}{100} \cdot g_1^u \right) \quad (12)$$

þar sem

$U_{\text{hlsv.}}$  er úrkoman á viðkomandi hlutsvæði vatnasviðsins, cm/dag

$U_{\text{Hall}}$  er sólarhringsúrkomu á Hallormsstað, cm/dag.

$H_{\text{hlsv.}}$  er meðalhæð viðkomandi hlutsvæðis.

$H_{Hall}$  er hæð Hallormsstaðar yfir sjó.

$k$  er leiðréttingarstuðull á úrkomumælingarnar. Breytilegur eftir því hvort úrkoman er regn eða snjór (sjá viðauka 2).

$g_1^u$  er úrkomustuðull, % pr. 100 m frá Hallormsstað (sjá viðauka 2)  
 $700 < H_{hlsv} <$  efri mörk vatnasviðs.

$$U_{hlsv}^H = U_{6-7} \cdot \left(1 + \frac{H_{hlsv} - 650}{100} \cdot g_2^u\right) \quad (13)$$

$$U_{hlsv}^T = k \cdot U_{Teig} \cdot \left(1 + \frac{H_{hlsv} - H_{Teig}}{100} \cdot g_3^u\right) \quad (14)$$

$$U_{hlsv} = W_H \cdot U_{hlsv}^H + W_T \cdot U_{hlsv}^T \quad (15)$$

þar sem

$U_{hlsv}^H$  er úrkomuþátturinn á viðkomandi hlutsvæði útfrá úrkomu á Hallormsstað, cm/dag.

$U_{6-7}$  er úrkoman á hlutsvæðið í hæðinni 600-700 m y.s., reiknað með líkingu (12), cm/dag.

$g_2^u$  er úrkomustigull, % pr 100 m, frá hlutsvæðinu í hæðinni 600-700 m y.s. og upp á jökulinn (sjá viðauka 2).

$U_{hlsv}^T$  er úrkomuþátturinn á viðkomandi hlutsvæði útfrá úrkomu á Teigarhorni, cm/dag.

$H_{Teig}$  er hæð Teigarhorns yfir sjó.


$g_3^u$  er úrkomustigull í % pr 100 m frá Teigarhorni (sjá viðauka 2).

$U_{hlsv}$  er vegin úrkoma á viðkomandi hlutsvæði, cm/dag.


$W_H, W_T$  ennvægitölur, aðlögunarstuðlar (sjá viðauka 2).

Myndir 8 og 9 sýna meðaltalsferil úrkomu yfir árið á Hallormsstað og Teigarhorni byggt á mánaðarmeðaltölum og staðalfrávik þeirra.


Myndir 10 og 11 sýna samanburð á meðalúrkomu ("double mass curve"). Ef brot væri á línunum, þýddi það, að aðstæður á mælistað, Hallormsstað eða Teigarhorni, hefðu breyst, og þyrfti þá að taka tillit til þess, en svo er ekki. Myndirnar eru birtar með leyfi Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. en grundvöllur þeirra er útreikningur, sem verkfræðistofa hefur gert, en ekki birt opinberlega.




MYND 8 Meðaltalsferlar úrkomu á Hallormsstað byggt á árunum '65-'80. Mánaðar meðaltöl og staðalfrávik.



MYND 9 Meðaltalsferlar úrkomu á Teigarhorni byggt á árunum '65-'80. Mánaðar meðaltöl og staðalfrávik.



MYND 10 Samanburður á úrkomu á Teigarhorni, tvöföld massalína ("double mass curve").



MYND 11 Samanburður á meðalúrkomu á Hallormsstað, tvöföld massalína ("double mass curve").



### 4.3.3 Uppgufun

Í reiknilíkaninu er uppgufun metin útfrá einskönar gráðudagalíkani.

$$E_p = C_E (T_a - T_v) \quad (16)$$

þar sem

$E_p$  er gnóttargufun, cm/dag

$C_E$  er aðlögunarstuðull, sem segir til um hversu mikið gufar upp á dag fyrir hverja gráðu sem  $T_a$  er stærra en  $T_v$ , cm/°k, dag (sjá viðauka 2).

$T_a$  er meðalhiti dagsins, °k.

$T_v$  er viðmiðunarhitastig, °k.

Eins og fram kemur í kaflanum um reiknilíkanið er uppgufunin gnóttaruppgufun ef vatn er í yfirborðsgeymi. Ef yfirborðsgeymirinn er tómur er uppgufunin reiknuð eftir líkingunni:

$$E_a = E_p \cdot L/L^* \quad (17)$$

þar sem

$E_a$  er raungufun, cm/dag.

$L$  er vatnsstaða í sigvatnsgeymi, cm.

$L^*$  er hámarksvatnsstaða í sigvatnsgeymi, cm.

## 5 NIÐURSTÖÐUR

Við aðlögun reiknilíkansins að vatnasviði Jökulsár í Fljótssdal var tímabilinu 1965-1980 skipt í tvo hluta. Var það aðallega gert til þess að unnt væri að kanna stöðugleika aðlögunarstuðlanna, en með þessu vinnst einnig sparnaður í rafreiknikostnaði.

Niðurstaða aðlögunarinnar fyrir tímabilið 1965-1969 er sýnd á mynd 12. Reiknaða rennslisröðin á mynd 12 inniheldur 83% af breytileika melda rennslisins ( $R^2 = 0,83$ ). Vatnsjöfnuður er -1,2%, sem þýðir, að meðalgildi reiknaða rennslisins er 1,2% ( $=0,3 \text{ m}^3/\text{s}$ ) lægra en meðalgildi melda rennslisins. Það sem einkum veldur neikvæðum vatnsjöfnuði er óvenjulega hár mældur rennslistoppur í nóvember 1968, nánar tiltekið 13. nóvember, en þann dag er dagsmeðalrennslid  $325 \text{ m}^3/\text{s}$  ( $=50,1 \text{ mm}/\text{dag}, \text{ km}^2$ ), töluvert meira en í jökulhlaupunum 1975 og 1976. Dagana 14. og 15. nóvember sama ár mældist einnig mjög hátt rennsli miðað við árstíma eða  $195 \text{ m}^3/\text{s}$  ( $=30,1 \text{ mm}/\text{dag}, \text{ km}^2$ ) og  $103 \text{ m}^3/\text{s}$  ( $=15,9 \text{ mm}/\text{dag}, \text{ km}^2$ ). Í reiknuðu rennslisröðinni er rennslið þessa þrjá daga 78% af melda rennslinu. Orsökina fyrir þessu mikla rennsli er, skv. skýrslum Vatnamælinga, að allt nýsnævi leysti í stórrigningu, en þessa daga urðu ofsafloð í ám á Austurlandi, t.d. hækkaði vatnsborð Lagarins um 203 cm á 49 klst. Ljóst er, að rennslið þessa nóvemberdaga er mjög frábrugðið öðrum nóvembermánuðum og reiknilíkanið nær því ekki nema að hluta, með þeim veðurupplýsingum, sem tiltækar eru, en vart er hægt að gera þær kröfur almennt til reiknilíkana að slík "extrem" tilfelli náist fullkomlega.

Allt tímabilið frá 1965-1980 var athugað með þeim líkanstuðlum, sem fundnir voru fyrir tímabilið 1965-1969. Niðurstaðan er, að skýrður breytileiki varð 79% og vatnsjöfnuður -1,7%. Með því að breyta hitastigli fyrir úrkomudaga úr  $0,62 \text{ }^\circ\text{C}/100 \text{ m}$  í  $0,61 \text{ }^\circ\text{C}/100 \text{ m}$  fékkst betri niðurstaða fyrir tímabilið í heild sinni, og er hún sýnd á mynd 13. Þar er skýrður breytileiki 79% og vatnsjöfnuður -0,8%, sem svarar til  $0,2 \text{ m}^3/\text{s}$ .

Þeir líkanstuðlar, sem liggja að baki reiknaða rennslinu á mynd 13 gefa þá niðurstöðu fyrir tímabilið 1965-1969, að skýrður breytileiki er 82% og vatnsjöfnuður -0,4% og fyrir tímabilið 1970-1980 er skýrður breytileiki 77% og vatnsjöfnuður -0,8%.

Þar sem vatnsjöfnuður er mjög góður og skýrður breytileiki hár, þegar haft er í huga að reiknað er á dagsgrundvelli, má álykta frá ofangreindum niðurstöðum að stöðugleiki líkanstuðla fyrir vatnasvið Jökulsár í Fljótsdal sé góður og því unnt að nota þá til reiknings á rennsli aftur í tímann, auk þess, sem aðrir notkunarmöguleikar eru fyrir hendi (sjá verkáætlun). Mynd 13 lýsir því hinni eiginlegu niðurstöðu. Þeir líkanstuðlar, sem liggja að baki reiknaða rennslinu á mynd 14 eru í viðauka 2, og er þar gerð grein fyrir, eins og kostur er, hvernig þeir stuðlar voru ákvarðaðir, sem ekki breyttust frá upphafsgildum sínum við aðlögunina.

Við athugun á hegðun hvers rennslisþáttar fyrir sig í líkaninu kemur eftirfarandi í ljós. Grunnvatnsrennsli er mjög stöðugt yfir allt árið og það ásamt millirennslu ("interflow"), sem einnig er stöðugt, en þó ívið meira að sumarlagi heldur en yfir veturinn, gefur heildarrennslið yfir vetrarmánuðina, að viðbættum einstaka blotaskvettum, sem koma þá fram sem yfirborðsrennsli.

Samfara því sem vorar og sumar gengur í garð eykst yfirborðsrennsli vegna snjóbráðunar, og er þá bæði átt við rennsli frá jökullausum og jökulhuldum svæðum. Yfirborðsrennsli frá jökullausum svæðum varir ferkar stutt eða yfir hásumarið en frá jökulhuldum svæðum getur það teygst vel fram á haustið með hárennsli seinnipart sumars, í ágúst og september (ísbráðnun). Það er því ljóst að hinir einstöku rennslisþættir og breytingar á þeim samsvara þeim lögmálum, sem gilda í náttúr-  
unni.

Meðalstærð hvers rennslisþáttar, tímabilið 1965-1980, er eftirfarandi:


Grunnvatnsrennsli:	3,13 m <sup>3</sup> /s	=	0,48 mm/dag,	km <sup>2</sup>
Millirennslu:	5,25	-	=	0,81 - -
Yfirborðsrennsli frá jökulvana svæðum:	7,55	-	=	1,16 - -
Rennslu frá jökulhuldum svæðum:	10,75	-	=	1,66 - -

Grunnvatnsrennslið er því að meðaltali 11,7% af meðalrennslinu, millirennslu 19,7%, yfirborðsrennsli frá jökulvana svæðum 28,3% og rennsli frá jökulsvæðum að meðaltali 40,3% af meðalrennslinu.

VOD-VV-760-SLH.  
82.03.0482.

JÖKULSA Í FLJÓTSDAL  
AT HÓLL, VHM 109

FIGURE 12




EXPLANATIONS:  
BLACK: Measured runoff.  
RED: Upper line calculated runoff.  
Lower line calculated runoff from glacier covered drainage area.  
ACC.DIF. Accumulated difference between measured and calculated runoff.  
PRECIP: Average precipitation on the drainage area.  
TEMP: Average temperature in the drainage area.  
SNOWDEPTH: Average snowdepth in the drainage area.

VOD-VV 760 SLH.  
82.03.0481.

### JÖKULSA Í FLJÖTSDAL AT HÖLL VHM 109


FIGURE 13a  
EXPLANATIONS  
see figure 12




VOD-VV-760-SLH.  
82.03.0480.

JÖKULSA Í FLJÓTSDAL  
AT HOLL VHM 109

FIGURE 13b  
EXPLANATIONS:  
see figure 12



V00-VV-760-SLH.  
82.02.0479



Einkum eru það þrjú afmörkuð tímabil, þar sem um verulegan mun á mældum og reiknuðum rennslistoppum er að ræða. Fyrst er áður umfjallað tímabil í nóvember 1968. Hin tímabilin eru í júlí '75 og júní '76. Í báðum tilvikum er um jökulhlaup að ræða. Reiknilíkanið nær ekki slíkum þáttum á núverandi þróunarstigi.

Æf athugaður er útreikningur reiknilíkansins á ákomu á jökulinn yfir tímabilið 1965-1980 kemur eftirfarandi í ljós. Upp í hæðina 1100 m y.s. bráðnar yfir sumarið allur snjór sem fallið hefur á undangengnum vetri. Ofan 1100 m hæðarlínunnar bætir jökullinn hinsvegar á sig ef skoðað er allt tímabilið frá 1965-1980. Þessar niðurstöður eru mjög í samræmi við þær hugmyndir, sem uppi eru meðal fræðimanna um þróun jökla nú hin síðari ár.

Í viðauka 2 er skrá yfir reiknaða rennslið.

Í töflu 6 er samanburður á nokkrum tölfræðilegum stærðum í mældu og reiknuðu rennsisröðinni, 1965-1980.

TAFLA 6 Samanburður á tölfræðilegum stærðum í mældu og reiknuðu rennsisröðinni 1965-1980.


Eining $m^3/s$ , þar sem við á	Mæld röð	Reiknuð röð
Meðalrennsli	26,9	26,7
Staðalfrávik einstakra stærða	32,3	29,9
Staðalfrávik meðaltalsins	0,42	0,39
Mesta dagsmeðalrennsli	325	202
Mesta 14 daga meðalrennsli	127	122
Minnsta dagsmeðalrennsli	1,2	1,0
Minnsta 14 daga meðalrennsli	1,5	1,2
Fyrsti tímafylgnistuðull ársrennslis	0,33	0,23



Hvað fyrsta tímafylgnistuðullinn varðar, þá er hvorugur stuðullinn marktækt frábrugðinn núlli miðað við 5% vikmörk (Anderson-próf,  $\alpha=5\%$ ).

Athugun á línulegu sambandi mældu- og reiknuðu raðanna fyrir tímabilið '65- '80 gefur fylgnistuðul 0,89 á dagsgrundvelli og 0,94 á fjórtán daga grundvelli.

Mynd 14 sýnir meðaltalsdreifingu mælds og reiknaðs rennslis innan ársins á grundvelli mánaðarmeðaltala og staðalfrávik þeirra.



